

CARL FREDRIK HILL

Nú er tækifæri til að sjá í Reykjavík sýningar á verkum tveggja norræna listamanna sem báðir komu við sögu heimslistanna á síðustu áratugum 19. aldar. Hér er um Edvard Munch í Norræna húsinu og Carl Fredrik Hill að Kjarvalsstöðum

Frá 1873 til 1880 dvelur Hill í París nær samfelld og málar í nágreinni borgarinnar landslagsmyndir í anda Corots og Barbizon-skólans. Þetta er það tímabil sem tengt er impressionismanum og baráttu þess hóps fyrir viðurkenningu.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

að ræða. Ég mun fjalla um Munch síðar, en sný mér að Hill og verkum hans í Kjarvalssal.

Hingað kemur sýningin í boði Listasafns Malmöborgar eftir að hafa verið sett upp í París og Helsingfors. Þannig gefst borgarbum kostur á að sjá verk eftir helsta forvígismann sænskra nútímalistar og einhvern sérstæðasta listamann sinnar samtíðar.

Það er undarleg kaldhæðni örlaganna að þeir tveir menn sem kalla má feður sænskrar listar á þessari öld skyldu báðir verða geðsýkinnir að bráð og þannig hefjast í áður óþekkt veldi. Carl Fredrik Hill mun hafa verið samferða Ernst Josephson á skipi sem flutti þá frá heimalandinu yfir til þeirrar Evrópu sunnan Eyrstrasalts „þar sem frami beið allra listamanna“. Hill var þá á tuttugasta og fimmta aldursári og hafði að baki sér nám í fagurfræði við Háskólann í Lundi (heimabæ sínum) og var nýstíginn út úr Listaakademíunni í Stokkhólmi.

Þróun Hills er greinilega tengd þessari baráttu. 1875 fær hann mynd eftir sig sýnda á Saloninum (hinni opinberu borgarsýningu í París), en eftir það er verkum hans hafnað. 1877 er honum svo boðið að taka þátt í 3. impressionista-sýningunni.

Þótt Hill hafi aldrei sýnt með impressionistunum, vegna kleyf-hugasýkinnar sem ágerðist mjög um þetta leyti, er greinilegt að síðustu olíumálverk hans hafa talist til þeirrar stefnu. Það er kannski helsti ókostur sýningarinnar að Kjarvalsstöðum að ekki skuli vera þar verk eftir Hill frá „heilbrigða“ tímabilinu, til samanburðar við þau sem hann gerir eftir 1880. Slíkt hefði betur skýrt stöðu hans meðal samtímalistamanna.

Það er þó mikill fengur í þeim 76 teikningum sem prýða Kjarvalssal. Allar þessar teikningar eru gerðar á árunum 1880-1911, eða til dauðadags C.F. Hills. Hann dvelur þá í Lundi, í umsjá systur sinnar, lokaður í

eigin hugarheimi. Þar eð Hill setti ekki ártal við þessar myndir, reynist erfitt að tímasetja þær og því eru þær flokkaðar í sýrpu (seriur) eftir efnisvali og aðferð. Nær helmingur myndanna að Kjarvalsstöðum eru penna- og tússteikningar. Síðan eru svart-, blá- og rauðkritarmyndir og að endingu litkritar, eða pastelmýndir (þrjár seriur).

Auðvelt er að greina kleyf-hugaéinkennin í öllum þessum myndum og sálfræðingar hafa eflaust gaman af að athuga þær maníur og frenesiur sem hrjáð hafa þennan listamann. Þó finnst mér Göran Christenson dvelja of mikið við slíka þanka í formála sýningarskrár, á kostnað listrænna þátta. Það dylst varla nokkrum sem sér myndir Hills, að hér er kominn afburðalistamaður og snillingur.

Hægt er að segja að Hill eigi frumleik sinn geðveikinni að þakka og því sé ekkert mark takandi á slíkri framúrstefnu. En hversu ríkan þátt átti ekki geðveikin í frumleik Goya, van Gogh eða Munch. Sannleikurinn er sá að það er ekki geðveilan sem gerir Hill að miklum listamanni, heldur hitt, hvernig honum tekst að tengja sjúkan huga frábærum hæfileikum og koma þannig til skila furðuheimi huga síns.

Ef tekin er túsmyndasýrpan „Úr veraldarsögu Wallis“ sem dæmi, fæ ég ekki betur séð en hér sé komin myndbygging um tuttugu árum á undan samtíðinni. Það er ekki fyrr en Picasso tekur að nota sundurlaus sjónarhorn, ósamstæð stillbrögð og myndir í myndum, saman í

einu verki (ný-klassísku göðsögumyndirnar á 3. og 4. áratugnum), að fram kemur eitthvað sem minnir á teikningar Hills. Sé þessi sýrpa borin saman við það hugmynda-rikasta sem samtímamenn Hills gerðu, verða grimuteikningar Ensors og pennaskraut Beardsleys að hálfteprulegum akademisma.

Ég hef engin tók á að kanna áhrif eða útbreiðslu verka Hills, en slíkt skiptir máli nú. Hitt fer ekki á milli mála að teikningar hans heyra til annarri kynslóð, þeirri sem reis úr rústum sigldrar listar eftir að kúbisminn og abstraktmálverkið hafði sprengt hana í loft upp.

Því vaknar sú spurning: Er vanmat á list manna á borð við Carl Fredrik Hill, ekki uppgjör gagnvart þeim listsögulega imperialisma sem viðurkennir ekkert sem gerst hefur utan þríhyrningsins, París-London-New York.

BORGAR bio
SMDJUVEGI 1, KÖP. SÍMI 43500
(Útveggjarkahúsinu mestast í Kópavogi)

„The Pack“

Frá Warner Bros:
Ný amerísk prumuspenandi mynd um menn á eyðieyju, sem berjast við áður óþekkt öfl. Garanteruð spennun, sem fær hárin til að rísa.
Leikstjóri Robert Clouse (gerði Enter The Dragon)
Leikarar:
Joe Don Baker... Jerry Hope A. Willis ... Millie Richard B. Shull ... Hardiman
Sýnd kl. 5 - 7 og 9
Íslenskur texti
Bönnuð innan 16 ára.

„Ljúf leyndarmál“
(Sweet Secrets)

Erotísk mynd af sterkara taginu.
Sýnd kl. 11.
Stranglega bönnuð innan 16 ára.
NAFNSKIRTEINI

LAUGARASBÍO
Símavari sími 32075.

Munkur á glapstígu

This is Brother Ambrose. Lead him not into temptation... For he's sure to follow

In God We Trust

„Þetta er bróðir Ambrose, leiðið hann í freistni, því hann er vis til að fylgja yður.“


Ný bráðfjörug bandarísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Marty Feldman, Peter Boyle og Louise Lasser.
Sýnd kl. 5 - 9 og 11.
A sama tíma að ári

They couldn't have celebrated happier anniversaries if they were married to each other.

Ellen Burstyn Alan Alda

„Same Time, Next Year“

Ný bráðfjörug og skemmtileg bandarísk mynd gerð eftir samnefndu leikriti sem sýnt var við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Aðalhlutverkin eru í höndum úrvalsleikaranna: Alan Alda (sem nú leikur í Spítalalíf) og Ellen Burstyn.
Íslenskur texti.
Sýnd kl. 7 og 9.



„Er vanmat á list manna á borð við Carl Fredrik Hill ekki uppgjör fyrir þeim listsögulega imperialisma sem viðurkennir ekkert sem gerst hefur utan þríhyrningsins, París-London-New York.“ spyr Halldór Björn Runólfsson í umsögn sinni um sýninguna á verkum Hill á Kjarvalsstöðum.

STJÖRNUBÍO
1-89-36

Midnight Express
(Miðnætúrhráðlestin)
Íslenskur texti

Heimsfræg ný amerísk verðlaunakvikmynd í litum sannsöguleg og kyngimögnum, um martröð ungs bandaríksk háskólastúdents í hinu alræmda tyrkneska fangelsi Sagmalcilar. Hér sannast enn á ný að raunveruleikinn er myndunaraflinu sterkari. Leikstjóri Alan Parker. Aðalhlutverk: Brad Davis, Irene Miracle, Bo Hopkins o.fl.
Sýnd kl. 5, 7.30 og 10.
Bönnuð innan 16 ára.
Hækkad verð.

AUSTURBÆJARBÍO
Sími 11384
Tengdapabbarnir

Sprenglægleg og vel leikin, ný, bandarísk gamanmynd í litum um tvo furðufugla og ævintýri þeirra. Myndin hefur alls staðar verið sýnd við miklar vinsældir.
Aðalhlutverk:
PETER FALK
ALAN ARKIN.
Ísl. texti.
Snd kl. 5, 7, 9 og 11.

ENDURSKINS-MERKI ERU NAUÐSÝNLEG FYRIR ALLA UMFERÐARRÁÐ

Nei takk ég er á bíl

UMFERÐARRÁÐ

NYJA BÍO
1-15-44

Luna

Stórkostleg og mjög vel leikin ítölsk-amerísk mynd eftir Bernardo Bertolucci. Mynd sem víða hefur valdið upp-námi vegna lýsinga á mjög sterkum böndum milli sonar og móður.
Aðalhlutverk: Jill Clayburgh og Matthew Barry.
Bönnuð börnum innan 16 ára.
Sýnd kl. 5 og 9.

HÁSKÓLABÍO
sími 22140
2-21-40

Stund fyrir stríð

Ný og sérstaklega spennandi mynd um eitt fullkoma stríðsskip heims. Háskólabíó hefur tekið í notkun DOLBY STEREO hljómtæki sem njóta sín sérstaklega vel í þessari mynd.
Aðalhlutverk:
Kirk Douglas
Katharine Ross
Martin Sheen
Sýnd kl. 5, 7, og 9 hækkad verð
Sama laugardag
Sama sunnudag nema sýnd kl. 3, 5, 7 og 9. Sama verð á allar sýningar

Mánudagsmyndin

Mönnum verður ekki nauðgað (Mand kan inte voldtages)
Spennandi og afburðavel leikin mynd um hefnd konu sem var nauðgað, og þau áhrif sem atburðurinn hafði á hana.
Aðalhlutverk: Anna Godenius Gösta Bredefeldt
Leikstjóri: Jörn Donner

salur A **REGNBOGINN** salur C
19 000 The McMasters

Trúðurinn

Spennandi, vel gerð og mjög dulartull ný áströlsk Panavision-litmynd, sem hljótið hefur mikið lof. — Robert Powell, David Hemmings og Carmen Duncal.
Leikstjóri: Simon Wincer.
Íslenskur texti
Bönnuð innan 16 ára.
Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

Sólbruni

Hörkuspennandi ný bandarísk litmynd, um harósnúna tryggingasvikara, með Farrah Fawcett fegurðardrottningunni frágu, Charles Gordin, Art Carney.
Íslenskur texti
Bönnuð innan 16 ára.
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05, 9.05, og 11.05.

Hjónaband Maríu Braun
3 sýningarmánuður.

salur B salur D
Sýnd kl. 3.15, 6.15, og 9.15.